

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/KB

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Tilv.: 201502-0044

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við hefndarklámi) 436. mál.

Að mati ríkissaksóknara eru efni til að bregðast við birtingu á því sem í almennri umræðu hefur verið kallað hefndarklám. Tekið er undir það sjónarmið sem fram kemur í frumvarpinu, að það að deila kynferðislegum myndum af manni gegn vilja hans teljist brot gegn friðhelgi og kynferðisbrot. Nokkur mál sem varða slík brot eru nú rannsóknar hjá lögreglu og afgreiðslu hjá ákærvaldinu. Ríkissaksóknari hefur m.a. ákært mann fyrir slíkt brot gegn fyrrum kærustu og telur að háttsemin varði við 233. gr. b, 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, þar sem brotþoli var undir 18 ára aldri. Málið var dómtekið 13. febrúar sl., en meðal þess sem deilt er um, er hvort brotið sé kynferðisbrot. Dómur er væntanlegur í málinu innan skamms. Að mati ríkissaksóknara tekur 233. gr. b. almennra hegningarlaga á því sem kallað hefur verið hefndarklám þegar þau tengsl sem ákvæðið áskilur eru fyrir hendi. Sé ekki um slík tengsl að ræða milli geranda og þolanda getur háttsemin varðað við 234. gr. laganna um ærumeiðingar, en þá er almenna reglan sú að sá sem misgert er við þarf að höfða einkarefsimál. Með 2. gr. frumvarpsins virðist stefnt að því að öll myndbirting eins og þar er lýst falli undir hið nýja ákvæði. Verður ekki annað skilið en að ekki skipti máli hvort tengsl séu milli aðila eða ekki og að hið nýja ákvæði tæmi því sök gagnvart 233. gr. b. almennra hegningarlaga. Ekki er hins vegar tekið á því frumvarpinu hvaða ákæruregla á að gilda um hið nýja ákvæði, sbr. reglur 242. gr. almennra hegningarlaga, en að mati ríkissaksóknara er rétt að slíkt brot sæti opinberri ákæru.

Ríkissaksóknari telur nauðsynlegt að kanna með nákvæmari hætti lagaumhverfi og dómaframkvæmd í nágrannalöndum okkar áður en ákvörðun verður tekin um breytingu á íslenskum refsíákvæðum hvað þetta varðar, m.a. í því skyni að kanna hvort litið sé á slík brot sem brot á friðhelgi og kynferðisbrot, og ef svo er, undir hvaða ákvæði háttsemin er talin falla. Einnig er mikilvægt að sjá hvernig íslenskir dómstólar munu taka á þeim málum sem þegar eru komin til kasta þeirra og þá hvort nýtt ákvæði í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna myndi raunverulega bæta réttarstöðu þolanda hefndarkláms. Er því lagt til að frumvarpið verði ekki samþykkt að svo stöddu.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229